

## Hugarafli færir starfsemi sína í fjarfundi vegna COVID-19



Vegna fyrirmæla Almannafrjálsráðs og samkomubanns heilbrigðisráðherra verður lokað í húsakynnum Hugarafli frá 16. mars. Lokunin varir í fjórar vikur til að byrja með og svo munum við meta stöðuna. Við munum nýta tækifærið til að nota fjarfundarbúnað. Virkir Hugaraflifélagar munu geta setið daglega jafningjahópa í gegnum Zoom. Leiðbeiningar og frekari upplýsingar má finna í lokuðum facebook hópi fyrir Hugaraflifélaga.

Einstaklingsstuðningur og bókuð samtöl munu fara fram þrátt fyrir lokunina. Fyrirkomulag slíkra samtala er samkomulag milli þeirra aðila (hvort það verði í gegnum Zoom, símtal eða annað).

Munum að hlúa að okkur á þessum tímum, virkja bjargráðin og leita til stuðningsnets okkar. Við minnum á að hægt er að hlusta á hlaðvarpsþætti Hugarafli [hugarafi.is/hladvarp/](https://hugarafi.is/hladvarp/) ef ykkur vantar afþreyingu á komandi vikum.

Kynningarfundir, málþing og aðrir opnir viðburðir á okkar vegum falla niður þar til annað verður tilkynnt. Við munum svara fyrirspurnum sem okkur berast á [hugarafi@hugarafi.is](mailto:hugarafi@hugarafi.is) og í síma: 414 1550 á dagvinnutíma.